



Sveitarfélagið Vogar

Þriggja ára áætlun 2009- 2011

Fyrri umræða 6. desember 2007

Greinargerð með þriggja ára rammaáætlun 2009-2011

Þriggja ára áætlun Sveitarfélagsins Voga fyrir árin 2009-2011 er lögð fram til fyrri umræðu samhliða fjárhagsáætlun ársins 2008.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu og íbúafjölgun á árunum 2009 til 2011. Í bígerð er að byggja um 100 íbúða hverfi og miðbæjarkjarna á horni Stapavegar og Vogabrautar. Auk þess er gert ráð fyrir að uppbygging hefjist á allt að 400 íbúða hverfi við Grænuborg og ráðgert er að skipuleggja um 200 íbúða byggð austan við núverandi byggð. Gert er ráð fyrir því að íbúar í Sveitarfélaginu Vogum verði um 1.500 undir lok tímabilsins.

Forsendur

Nokkrar af almennum og sértækum forsendum þriggja ára rammafjárhagsáætlunar fyrir árin 2009-2011 eru eftirfarandi:

- Áframhaldandi hröð og mikil uppbygging í bæjarfélaginu sem mun styrkja enn frekar og efla bæjarmynd Sveitarfélagsins Voga.
- Uppbyggingin kallar almennt á miklar stofnfjárfestingar í grunn- og leikskóla.
- Áætlað er að íbúum fjölgi árlega að meðaltali um 7% og tekjur bæjarins af útsvari og fasteignagjöldum hækki samsvarandi.
- Áætlunin er á verðlagi ársins 2008 að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir verðbótum á vexti verðtryggðra lána.
- Ekki er áætlað sérstaklega fyrir kjarasamningsbundnum launahækkunum því gert er ráð fyrir að þær leiði til hækkunar útsvars sem mæti þeim launahækkunum að mestu.
- Rekstrarkostnaður er reiknaður upp miðað við áætlaða aukningu vegna íbúafjölgunar og þar með aukningu í þjónustumagni.
- Gert er ráð fyrir að rekstrar- og launakostnaður aukist sérstaklega vegna eftirfarandi.
 - Nýrra bæjarskrifstofa frá og með upphafi árs 2010.
 - Nýs leikskóla við Grænuborg frá og með miðju ári 2010.
 - Viðbyggingar Stóru- Vogaskóla frá og með miðju ári 2011.

Almennt

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Vogar fyrir árið 2008 og stefnumörkun varðandi þriggja ára rammaáætlun til ársins 2011 sýnir að fjárhagsleg staða sveitarfélagsins er að styrkjast. Bæjarsjóður hefur mun betri forsendur til að takast á við nauðsynlegar fjárfestingar en raunin hefur verið síðustu ár.

Áfram er þörf á virku kostnaðareftirliti og skipulegri fjármálastjórn og að leita leiða til hagræðingar í rekstri. Hafin er vinna við endurskoðun stjórnskipulags sveitarfélagsins með þessi markmið að leiðarljósi. Áfram er stefnt að kröftugri uppbyggingu og framþróun í bæjarfélaginu, með fjölgun íbúa og atvinnufyrirtækjum.

Fjárfestingar

Gerð er grein fyrir helstu fjárfestingarverkefnum bæjarins í eftirfarandi töflu.

- Gert er ráð fyrir að fjárfesta fyrir um 485 milljónir kr. á tímabilinu 2008-2011.
- Þar af í gatnagerð og veitum fyrir um 115 milljónir og í húsnæði fyrir um 370 milljónir. Fjárfesting í stækkun Stóru- Vogaskóla verður að líkindum í gegnum Eignarhaldsfélagið Fasteign og kemur því fyrst og fremst fram í leigugreiðslum, en ekki í beinni fjárfestingu.
- Gert er ráð fyrir nýrri lántöku á tímabilinu 2009-2011 að fjárhæð 200 milljónir kr. til að standa straum af kostnaði við fjárfestingar.

Fyrri umræða

		2009	2010	2011
Lýsing á göngustígum	Göngustígur Vogagerði-Aragerði	x		
	Göngustígur við Vogatjörn	x		
	Göngustígur meðfram sjóvarnargarði	x		
		4.000		
Jarðvegsskipti	löndalur	x		
	Vogagerði	x		
	Aragerði	x		
	löndalur frá 10b		x	
		12.500	15000	
Útivistarsvæði	Tjarnarsvæði	x		
	Kvenfélagsreitir Aragerði	x		
	Brennustæði við Stapa		x	
	Tjaldstæði		x	
	leiksvæði við Egilsgötu	x		
	Aðgengi að minjum		x	
		20.000	7.500	
	Alls gatnagerð og umhverfisframkvæmdir	36.500	22.500	0
Fjárfesting í húsnæði	Bæjarskrifstofur	x		
	Nýr leikskóli		x	
	Viðbygging Stóru- Vogaskóla			120000
		100.000	150.000	
	Eignasjóður alls	136.500	172.500	0
Fráveita				
	Nýjar útrásir		55.000	
	B- hluta fyrirtæki alls	0	55.000	0
		136.500	227.500	0 kr.
	Fjárfest alls	kr.	kr.	0 kr.
Gatnagerðar- og veitugjöld		-91.000	-46.000	0
Niðurstaða (-afgangur)		45.500	181.500	0 kr.
		kr.	kr.	0 kr.

Eins og sjá má er stefnt að miklum fjárfestingum næstu árin sem munu skila sér í bættri þjónustu við íbúa Sveitarfélagsins Voga. Þriggja ára áætlunin ber með sér mikinn metnað og von um áframhaldandi vöxt sveitarfélagsins.

Skipulag og uppbygging miðbæjarsvæðis mun að líkindum skila sér í aukinni verslun og þjónustu í Vogum, sem mun leiða til aukinna tekna fyrir bæjarsjóð. Mikilvægast er þó að íbúar sveitarfélagsins fá aukna og bætta þjónustu og betra aðgengi að verslun og þjónustu.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga fyrir árið 2008 og þriggja ára rammaáætlun fyrir árin 2009- 2011 verður yfirstandandi kjörtímabil eitt það farsælasta í sögu sveitarfélagsins, hvort heldur litið er til rekstrar bæjarsjóðs, þjónustu við íbúa eða fjárfestinga til framtíðar.